



Skútustaðahreppur

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

25. janúar 2017 – Pistill nr. 6

Þorablót Kvenfélags Mývetninga stóð undir öllum mínum væntingum og gott betur. Nokkrar senur úr óborganlegu leikriti þorablótsnefndarinnar voru tileinkaðar nýjum sveitarstjóra sem ég hló mikið að. Þetta var spéspegill af bestu gerð og leikararnir fóru á kostum á sviðinu. Mér fannst reyndar gaman að sjá að áhersla nýs sveitarstjóra á jákvæðni og samstöðu í Mývatnssveit er þegar farin að skila sér ☺. Kærar þakkir fyrir frábæra skemmtun.



Staða fráveitumála

Á sveitarstjórnarfundi í gær var farið yfir stöðu fráveitumála í sveitarfélaginu en unnið hefur verið að þeim á vegum umhverfisráðuneytisins og sveitarfélagsins undanfarin misseri. Beðið er eftir skýrslu frá EFLU og þá munu sveitarstjóri og oddviti hitta umhverfisráðherra og starfsmenn ráðuneytisins í næstu viku vegna málsins til að fylgja því eftir. Mikilvægt er að koma á öflugu hreinsikerfi við Mývatn en eins og áður hefur komið fram er það sveitarfélaginu ofviða fjárhagslega enda kostnaðurinn á pari miðað við ársveltu sveitarfélagsins, sé bara miðað við Reykjahlíð. Á síðasta ári bárust fréttir um að skýr þverpólítískur vilji væri fyrir því á Alþingi að bregðast við ástandinu í Mývatni með því að styðja við bakið á Skútustaðahreppi til að koma frárennslismálum við vatnið í ásættanlegt horf.



Frá þorablótinu síðasta laugardag



Frá heimsókn út á Höfða um helgina

Endurskoðun lögreglusamþykktar

Að undanfögnu hefur verið unnið að endurskoðun lögreglusamþykktar Skútustaðahrepps. Sveitarstjórn samþykkti á síðasta fundi að hún fari í frekari rýni og verði lögð fram að nýju á næsta sveitarstjórnarfundum til fyrri umræðu. Á milli umræðna verði lögreglusamþykktin birt á heimasíðu hreppsins og óskað eftir athugasemdum frá íbúum Skútustaðahrepps. Íbúar eru hvattir til þess að kynna sér drögin þegar þau verða birt eftir sveitarstjórnarfundinum 8. febrúar n.k.

Skútusjóður lagður niður

Í samræmi við ítrekaðar ráðleggingar endurskoðanda Skútustaðahrepps samþykkti sveitarstjórn að sjóðnum verði slitið enda samrýmist það ekki starfsemi sveitarfélaga að standa í lánstarfsemi. Samkvæmt skipulagsskrá fyrir sjóðinn frá 1951 var Hermann Hjartarson, skólastjóri að Laugum og prestur á Skútustöðum 1916-1944, stofnandi sjóðsins. Lagði hann til 15.000 kr. á vöxtu í árslok 1948. Tilgangur sjóðsins var að „leggja lið bændum og öðrum í Mývatnssveit, er byggja á jörðum sínum íbúðar- eða peningshús. Skulu slíkir menn eiga kost á að fá lán af sjóðnum um


tiltekið árabíll, án vaxtagreiðslu.“ Sveitarstjórn fór með fjárhald sjóðsins.

Nokkuð mörg ár eru síðan úthlutað var síðast úr Skútusjóði og kom hann sér án nokkurs vafa vel fyrir marga hér á árum áður. En Skútusjóður hefur þjónað tilgangi sínum og Mývetningar hugsa með hlýhug til séra Hermanns sem var svo framsýnn á sínum tíma að styðja við bakið á samfélaginu með þessum hætti. Sveitarstjórn samþykkti að þær eignir sem kunni að vera eftir renni til góðs málefnis í anda sjóðsins.

Nýr gámavöllur opnar á mánudaginn

Mánudaginn 30. janúar opnar nýr gámavöllur í sveitarfélaginu sem kemur í stað þeirrar aðstöðu sem fram til þessa hefur verið við Sniðil. Ílát sem þar eru verða tekin. **Opinn kynningarfundur verður í kvöld**, miðvikudaginn 25. janúar, kl. 20:00 í félagsheimilinu Skjólbrekku.

Völlurinn verður vaktaður af starfsmanni sveitarfélagsins og opinn út apríl á mánudögum og fimmtudögum frá kl. 15 – 16. Í vor verður opnunartími endurskoðaður. Klippikortum verður dreift til allra greiðenda sorphirðugjalda og virkar það sem aðgöngumiði á gámavöllinn og klipp af korti ígildi greiðslu fyrir úrgang sem skilað er.



Rekstraraðilar sem kjósa að nýta sér völinn þurfa að greiða fyrir losun skv. gjaldskrá sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn. Nánari upplýsingar varðandi gjaldtöku og fleira er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins www.myv.is og Gámapjónustu Norðurlands www.gpn.is



Heimsókn á Flatskalla

Á dögnum fór ég ásamt yfirmanni áhaldahússins að heimsækja hótelið á Flatskalla í landi Grímsstaða til að skoða aðstæður og framkvæmdirnar. Benedikt Ingi Tómasson verkefnisstjóri tók á móti okkur og fór með okkur í skoðunarferð um bygginguna sem hefur risið hratt enda mikill undirbúningur að baki. Stefnt er að því að opna hótelið 1. júní n.k.

Aðgerðaráætlun og umbótaáætlun í Reykahlíðarskóla

Frá Sambandi íslenskra sveitafélaga og Félagi grunnskólakennara liggur fyrir vegvísir að aðgerðaráætlun til sveitarfélaga um nánari greiningu á því ástandi sem kennarar og stjórnendur hafa lýst að ríki í starfsumhverfi grunnskóla og jafnframt kallað eftir úrbótum á. Skútustaðahreppur og kennarar við Reykahlíðarskóla eru að hefja vinnu við aðgerðaráætlun sem undirbúin er með hliðsjón af vegvísi samstarfsnefndarinnar. Niðurstöður skal nýta til að gera umbætur á framkvæmd

skólastarfs innan ramma gildandi kjarasamnings. Misjafnt getur verið eftir sveitarfélögum og skólum hvort eða til hvaða umbóta er nauðsynlegt að grípa. Samningsaðilar eru sammála um að framkvæmd breytinga á vinnuumhverfi kennara sem samið var um í kjarasamningi árið 2014 hafi ekki tekist sem skyldi í mörgum grunnskólum og nauðsyn þess að greina nánar þann vanda sem lýst er og leita leiða til úrbóta.

Undirbúningur við gerð starfsmannastefnu

Hafinn er undirbúningur við gerð starfsmannastefnu hjá Skútustaðahreppi eins og sveitarstjórn hafði samþykkt að gera. Stýrihópur mun halda utan um verkefnið sem sveitarstjóri stýrir. Miðað er við að innleiða stefnuna í áföngum. Þegar er búið að halda stjórnendadag og þá verða starfsmannasamtöl í mars.



Fórnaði jólunum í Frakklandi fyrir Mývetninga

Mikil eftirspurn er eftir vinnuafli í Mývatnssveit eins og flestum er kunnugt. Því voru góð ráð dýr þegar Ásta Price, verkstjóri í íþróttamiðstöðinni, fór í nokkurra vikna frí yfir hátíðarnar því þá vantaði einhvern til að leysa hana af. En bjargvætturinn var hin franska Laetitia Gathion sem hljóp í skarðið fyrir Ástu og leysti það af stakri þryði og fórnadi m.a. jólunum í Frakklandi fyrir Mývetninga. Hún var skiptinemi í

Mývatnssveit þegar hún var 15 ára og hefur haldið góðum tengslum við fjölskyldu sína síðan þá og komið hingað reglulega og talar ljómandi góða íslensku.



Frábærir tónleikar

Tónlistarmaðurinn Pétur Ben var með frábæra tónleika í Reykjahlíðarkirkju síðasta föstudagskvöld. Var gaman að sjá hversu margir mættu en kirkjan var vel setin. Þetta var fyrsti viðburðurinn í „Lake Mývatn Concert Series” sem Stefán Jakobsson, Soffía Kristín Jónsdóttir og Steinunn Camilla Stones standa fyrir. Þau hafa tekið að sér umsjón með Sumartónleikum við Mývatn. Tónleikaserían, sem hefur verið fastur liður í menningarlífi Mývetninga síðustu 30 árin, hefur hingað til

verið undir stjórn Margrétar Bóasdóttur en að sögn Stefáns munu áherslurnar breytast með nýju fólki og verða tónleikar allt árið. Á myndinni er Pétur Ben ásamt Stefán Jakobssyni sem söng eitt lag á tónleikunum. *Mynd: Agnes Lebeauvin.*

Ýmis mál

Að ýmsum fleiri málum hefur verið unnið upp á síðkastið. Skriður er kominn á stækkun á líkamsræktarsalnum í íþróttamiðstöðinni og verið að panta ný og notuð tæki. Vonast er til að salurinn verði tilbúinn um miðjan febrúar. Þá er hafinn undirbúningur að standsetja gamla leikskólahúsnæðið við Hlíðaveg 6 en þar verður opið skrifstofurými til útleigu.

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var lagt fram til kynningar bráðabirgðayfirlit um rekstur sveitarfélagsins fyrir árið 2016 og samanburður við fjárhagsáætlun. Reksturinn var almennt í samræmi við áætlanir.

Þá vek ég aftur athygli á auglýsingu á heimasíðu sveitarfélagsins frá Uppbyggingasjóði Norðurlands en sjóðurinn styrkir menningar-, atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni.

Margir góðir gestir koma á kaffistofuna á hreppsskrifstofunni. Friðrik Steingrímsson mætti einn daginn og skyldi eftir þessa vísu:

*Bestu tímar betlaranna
var bæjarrölt í fjölmörg ár
þeir gengu á milli góðbúanna
að grenja út nokkur kaffítár.*

Sem fyrr er hér stiklað á stóru. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda.

*Bestu kveðjur
Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri*